

✉ Re: 2301089 -

Búið til	30.3.2023 15:23:20
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	30.3.2023 15:23:18
Tilheyrir	📁 202303-0037 - Skipulagslýsing ask og dsk vegna Dílaflatar, Rangárþingi eystra

Efni

Re: 2301089 -

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	30.3.2023 15:23:18	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinardottir@ni.is)
Til	ulfar@hvolsvollur.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202303-0037 (BK)

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, dags. 14. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um sameiginlega skipulagslýsingu á aðal- og deiliskipulagi vegna Dílaflatar.

Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020- 2032 og gerð nýs deiliskipulags fyrir lóðina Dílaflöt (L234644). Landeigandi óskar eftir að hluti lóðar verði skilgreindur sem verzlunar- og þjónustusvæði til að byggja upp gestahús til útleigu til ferðamanna. Lóðin er rúmlega 53 ha að stærð. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Líkt og fram kemur í skipulagslýsinguinni, þá er svæðið er að hluta til innan verndarsvæða, annars vegar á náttúruminjaskrá (nr. 719) og er skilgreint sem önnur náttúruvernd í aðalskipulagi (ÖN7 Tjarnir og Tjarnarnes). Hins vegar er hluti svæðisins partur af hverfisverndarsvæði (HV7 Markafljótsaurar –

Tjaldarnes). Allt að 15 ha af norðvesturhluta landsins verða skilgreindir sem nýtt verslunar- og þjónustusvæði og fellur það að hluta til undir ofangreind verndarsvæði.
Þá er skipulagssvæði á skilgreindu hættumatssvæði vegna mögulegra jökulhlaupa í Markarfljóti vegna eldgoss undir jökli.

Við þetta má svo bæta að Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega háa þéttleika vaðfugla en flestar þessara tegunda eru svokallaðar ábyrgðartegundir Íslands og er þá miðað við að $\geq 20\%$ af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum.

Grónir og hálfgrónir aurar Markarfljóts eru mjög fuglarík svæði og má þar sérstaklega nefna gífurlega háan þéttleika spóa. Þéttleiki margra annarra vaðfugla er einnig hár og þá er kjói mjög algengur á svæðinu en hann er á valista sem tegund í hættu.
Búsvæðum þessara tegunda er víða ógnað á þessum slóðum, s.s. vegna framrásar lúpínu og skógræktar, og því er mikilvægt að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að vernda sem stærst, samfelld svæði fyrir frekara raski og sérstaklega ætti að forðast slíkt á skilgreindum verndarsvæðum.

Undir umhverfispáttum sem stendur til að meta í umhverfisskýrslu er ekki sérstaklega minnst á fuglalíf en það ber tvímælaust að kanna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Bestu kveðjur
Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)

From: "Guðmundur Úlfar Gíslason" <ulfar@hvolsvollur.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "hs@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>
CC: "Árný Lára Karvelsdóttir" <arnylara@hvolsvollur.is>
Subject: 2301089 -
Date: 14.3.2023 13:53:36

Sæl verið þið

Í viðhengi er sameiginleg skipulagslýsing ask og dsk vegna Dílaflatar, Rangárþingi eystra. Vinsamlegast skilið inn umsögn fyrir 30. Mars nk.

Kveðja,

Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra
ulfar@hvolsvollur.is (<mailto:ulfar@hvolsvollur.is>)



Rangárþing eystra

Sími: 354 4884200 hvolsvollur@hvolsvollur.is

(mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is)

Austurvegi 4 kt.470602-2440

860 Hvolsvöllur www.hvolsvollur.is

(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.hvolsvollur.is%2F&data=05%7C01%7

Cmottaka%40ni.is%7Cb745850af1294863adc008db24936ca1%

7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C63814

3988160779857%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoic4

wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D

%7C3000%7C%7C%7C&sdata=55Grmmxol%2BNSIQcgyqfnWJju

dgLx41tMoihel7GF2UE%3D&reserved=0)

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. 47.gr

(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2F47.gr%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cb745850af1294863adc008db24936c

a1%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638143988160779857%7CUnknown%7CTWFpb

GZsb3d8eyJWljoic4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C

&sdata=mBgKVI2DEE2nKjRStgHhyyn7DPIYEldX7cmQiFukvvU%3D&reserved=0). laga nr. 81/2003 um

fjarskipti.